

Símenntunaráætlun

SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

Ragnildur Skúladóttir
HEILSULEIKSKÓLINN HOLTAKOT |

Símenntun 2016-2017

Á skólaárinu voru 8 starfsmannafundir sem teknir voru eftir lokun leikskólans og farið yfir málefni sem vörðuðu starfsmannahópinn og starfið. Fundirnir voru m.a. í formi fyrirlesta, þróunarverkefni, námsmat og vinnslu á verkefnum sem við erum að vinna að. Starfsdagar voru 3,5 og voru teknir yfir árið. Þeir voru nýttir í fyrirlestra, skipulagningu og mat á vetrarstarfinu og vinnu við þróunarverkefni „Leikur að læra „ sem við vorum með.

Deildarfundir voru teknir á vinnutíma. Starfsmenn á hinum deildunum gæta barna þeirra deildar sem er á fundi í útiveru fyrir hádegi. Á þessum fundum er farið yfir málefni hvernar deildar fyrir sig og farið yfir skipulagið og starfið. Deildarstjórafundir voru skipulagðir 9 á árinu en stundum er kallað á stutta aukafundi ef uppfærsla á ákveðnum verkefnum er þörf eða að ekki hafi náðst að hafa fundinn. Grænfánafundir voru 8 yfir veturinn á vinnutíma. Þar var verið að samræma verkefni sem verið er að vinna að vegna flöggunar á næsta fána og uppfærsla frá hverri deild hvernig gengur. Samráð skólastjórnenda var einu sinni í viku þar sem verið var að vinna að:

- sameiginlegri sýn á starfsmannamálum
- framhaldsvinna að þróunarverkefni
- samræming stjórnunarháttá
- skipulag skólastarfsins
- fara yfir skipulagsmál innan húss
- starfsmannasamtöl
- stuðningur stjórnenda hvor við annan
- fara yfir vinnustund
- og fleira sem kemur upp í daglegu starfi

Þegar fundir eru þá setjum við upp hvað er á döfinni til að fólk geti undirbúið sig og séð hvað verið er að vinna að.

Símenntun í Garðabæ er vel upp sett og mörg og ólík námskeið í boði sem hentar vel inn í starfið og nær til allra starfsmanna. Auk þess eru fleiri námskeið hjá Endurmenntun HÍ og getur starfsfólk þá sótt styrk hjá sínu stéttarfélagi. Reynt er eftir fremsta megin að láta fólk fara á námskeið og hvetjum við fólk til að taka eitt á hvorri önn.

Skólaárið 2016-2017 voru m.a. eftirtaldir þættir nýttir af símenntunaráætlun

- HÍ skjalanám - Leikskólakennari stundar nám með vinnu.
- Örnámskeið í læsi þar sem allir deildarstjórar tóku þátt í allan veturinn.

- Allir starfsmenn unnu að innleiðingum í „leikur að læra „ sem var einnig þróunarverkefni sem fjallar um hvernig við leggjum inn bóklegt nám í gengum leik og hreyfingu. Stuðningsaðili okkar var Kristín Einarsdóttir eigandi stefnunnar.
- Ásamt fleiri námskeiðum sem við tengdum inn í starfið og eftir áhuga hvers og eins.
- Þróunarverkefni - unnum áfram að þeim þróunarverkefnum sem við sóttum um sem var Leikur að læra.
- Uppeldi til ábyrgðar - við höldum áfram að vinna að Uppbyggingarstefnunni og notuðum líka starfsmannafundi og deildarfundi til að vinna og rifja upp og skoða hvort og hvernig við erum að vinna með uppbyggingarstefnuna í starfinu. Við erum með tvo verkefna stjóra sem kalla á fundi einu sinni í mánuði og fara yfir hvernig gengur á deildunum og hvað skal leggja inn næst.